

Nd.

387. Nefndarálit

[150. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, sbr. lög nr. 38 26. maí 1981.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur fjallað um frv. og fengið fulltrúa ýmissa hagsmunasamtaka og ráðuneytis til viðræðu um efni þess. Frumvarpið er með þeim breytingum sem samþykktar voru í efri deild og að flestu leyti samhljóða því frumvarpi sem samþykkt var á síðasta þingi.

Það sjónarmið kom fram við umfjöllun nefndarinnar að ástæðulaust væri að hafa allar þær fisktegundir háðar aflamarki sem frv. gerir ráð fyrir. Þessu viðhorfi eru undirritaðir nefndarmenn samþykkir og telja einnig að gefa eigi allar veiðar á handfæri og línu frjálssar utan kvóta. Það er einnig skoðun minni hl. nefndarinnar að humarveiðar skuli takmarkast af heildarkvóta en ekki kvóta á hvern bát. Minni hl. telur að ekkert hafi komið fram í máli viðmælenda nefndarinnar sem mæli á móti því að þessar breytingar verði gerðar.

Undirritaðir nefndarmenn eru sammála um það að ákveðin stjórn á fiskveiðum hér við land sé nauðsynleg. Þrátt fyrir það eru þeir andvígir frumvarpinu sem hér er til afgreiðslu. Ástæðan er m. a. sú miðstýring sem frumvarpið felur í sér. Við teljum rangt að fela ráðherra einum að marka fiskveiðistefnu. Sú stefnumörkun á að vera Alþingis. Það vakti athygli okkar hve fulltrúar stjórnarflokkanna voru ákveðnir í að viðhalda þeirri miðstýringu sem frv. gerir ráð fyrir.

Hér eru stigin fyrstu sporin í fiskveiðistjórn sem vafalítið mun standa í meginatriðum í fjölda ára, líklega um ófyrirsjáanlega framtíð. Í ljósi þess er hlutdeild Alþingis í málinu enn þá mikilvægari.

Síðast en ekki síst áteljum við harðlega að deildinni skuli ekki ætlaður lengri tími en raun ber vitni til umfjöllunar um þetta þýðingarmikla málefni undirstöðuáttvinnuvegar þjóðarinnar.

Alþingi, 19. des. 1984.

Margrét Frímansdóttir,
frsm.

Guðmundur Einarsson.